

» ...pólskir ljósmyndarar unnu með íslenskum rithöfundum og blaðamönnum 33



Morgunblaðið/Skapti

Yfirlit Sýningu á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur lýkur um helgina.

Sýningu lýkur á Inní rós

Leiðsögn Kristínar um Inní rós

Um næstu helgi lýkur yfirlitssýningu á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur á Listasafninu á Akureyri. Sýningunni, sem hefur yfirskriftina *Inní rós* og er meðal best sóttu sýninga Listasafnsins, lýkur á sunnudag kl. 17:00, en á laugardag kl. 15:00 verður Kristín með leiðsögn um sýninguna og fjallar um verk sín. Inní rós er fyrsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum Kristínar en skammt er síðan hún lagði olíumálverkið á hilluna og tók að sauma út á striga.

Kristín útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1987 og hélt svo í framhaldsnám til Ítalíu, lærði m.a. íkonagerð í Róm og stundaði nám í Ríkisakademíunni í Flórens árin 1988-1993. Kristín hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í mörgum sýningum, hér heima og erlendis. Hún hefur hlotið ýmsa styrki og viðurkenningar og hlotið nokkrum sinnum listamannalaun frá menntamálaráðuneytinu, síðast árið 2009. Hún hefur var bæjarlistamaður Akureyrar 1996-1997 og bæjarlistamaður Seltjarnarness 2008, en hún býr nú og starfar á Seltjarnarnesi.

Spíraðar kartöflur



Rakei Steinarsdóttir

Rakei Steinarsdóttir sýnir ljósmyndalengjur í matsal og sól-skála Skálholts-skóla í Biskups-tungum. Myndirnar eiga rætur í því er Rakei hugðist stunda kartöflurækt, varð sér út um útsæði í fimm kílóa poka og lét það spíra. Engum sögum fer af uppskerunni, en Rakei tók myndir af spírudum kartöflum sem hún nýtti í myndlengjurnar sem nú hanga uppi í Skálholti. Myndirnar eru af 132 gullauga kartöflum sem fengu að spíra í tvö ár og voru síðan ljósmyndaðar með dökkum bakgrunni á svartri glerplötu.

Rakei Steinarsdóttir er fædd 1965 og lauk námi úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1990. Hún stundaði framhaldsnám við École supérieure des arts décoratifs de Strasbourg í Frakklandi og í Edinburgh College of Art í Skotlandi þar sem hún lauk meistaraáráðu 2003. Hún lauk einnig diploma frá LHÍ í kennslufræði 2009. Þetta er fjórða einkasýning Rakei og stendur í allt sumar.

Myndlist Hulda Hlín sýnir í Ráðhúsinu

Hulda Hlín opnar sýningu á verkum sínum í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á laugardag. Verkin á sýningunni einkennast af sterkum lita-samsetningum og eru stór í sniðum; sjá má verkin á www.huldahlin.com. Sýningin stendur til 10. júlí.

Hulda Hlín Magnúsdóttir nam málaralist við Listaakademíu Ítalíu (Accademia di Belle Arti) í Flórens, Bologna, Feneyjum og Róm og lauk auk þess meistaraþrófi í listfræði frá Bologna-háskóla. Hún hefur tekið þátt í samsýningum í Róm og haldið einkasýningar hérlandis.



Hulda Hlín

Tónlist Dixieland hljómar á Jómfrúnni

Á laugardag kl. 15:00 verða haldnir fjórðu tónleikarnir í sumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Fram kemur Dixie-band Matta sax. Hljómsveitina skipa Matthías V. Baldursson á klarinett, Jóhannes Þorleiksson á trompet, Eyþór Kolbeins á básúnu, Þorgils Björgvinsson á banjó, Össur Geirsson á túbú og Jón Óskar Jónsson á trommur. Þá kemur söngkonan Áslaug Helga Hálfánardóttir einnig fram með hljómsveitinni. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.



Matthías V. Baldursson

Myndlist Skoðuð litbrigði íslenska hestsins

Bergljót Rist leiðsögumaður og hestakona fjallar um litbrigði íslenska hestsins á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 26. júní kl. 15:00. Viðburðurinn tengist sýningunni Jór! – Hestar í íslenskri myndlist, sem þar stendur. Einnig verður farið um sýninguna og verkin skoðuð. Á sýningunni Jór! er varpað ljósi á hvernig hesturinn hefur birst íslenskum listamönnum í eina öld í aðal- og aukahlutverki í landslagsmálverkum, mannamyndum eða sem táknmynd. Viðburðurinn er skipulagður í samvinnu við Landssamband hestamannafélaga.



Bergljót Rist

Aðeins út úr borginni og pínulítil lykt af lyngi

● Árni Páll Jóhannsson og Finnbogi Pétursson opna sýninguna Góðir Íslendingar í Gerðarsafni ● Íslendingar eru góðir inn við beinið, segir Finnbogi

Díana Rós A. Rivera
diana@mbl.is

Sýning Árna Páls Jóhannssonar og Finnboga Péturssonar, *Góðir Íslendingar*, verður opnuð í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, á morgun.

„Við erum eiginlega bara að fara að sýna góða Íslendinga,“ segir Finnbogi um sýninguna. Hann segir Árna Pál vera með ættartölur fólks sem hann stillir upp með myndum af sauðfé sem hann tók. Hann raðar því saman uppi á vegg auk þess sem hann verður með rekaviðardrumba sem hann hefur unnið og mætti kalla einskona fjölskylduportrett.

Leitaði hljóðsins í sjónvarpinu

Finnbogi sýnir í öðrum sýningarsal verk samsett úr eftirlitssmyndavélum og hátölurum sem raðað er saman í stóran hring í salnum. Hann segir svokallað eftirlitsrofabox skipta milli myndavélanna eftir ákveðnu mynstri en áhorfandi fær bæði að sjá myndina og heyra hana í hátölurum því Finnbogi tengir hana við hljóðblanda.

„Þú heyrir ekki beint truflun heldur tón sem breytist eftir því hversu ljósstyrkurinn í myndinni er mikill sem aftur fer eftir því hversu margir áhorfendur eru í salnum. Þetta er í rauninni eins og í gamla daga þegar verið var að horfa á sjónvarp sem var þá ekkert sérstaklega gott. Það var alltaf ákveðið hljóð sem kom undir textanum. Það er nákvæmlega það hljóð sem ég hef verið að leita að og er að nota,“ segir Finnbogi.



Morgunblaðið/Ernir

Lynglykt Finnbogi Pétursson og Árni Páll Jóhannsson opna sýninguna *Góðir Íslendingar* í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, á morgun. „Við erum eiginlega bara að fara að sýna góða Íslendinga,“ segir Finnbogi um sýninguna.

Ilmur af lyngi og gjallarhorn

Hann segir þá Árna Pál hafa unnið að sýningunni lengi og í rauninni sé margra áratuga vinnu að ljúka núna. Ákvörðunin um að halda saman sýningu var svo tekin fyrir tveimur árum, fyrir það var ekki vettvangur fyrir því að þeir ynnu saman að sýningu að sögn Finnboga. Spurður að því hvort Íslendingar

séu góðir og sýningin hafi þess vegna fengið titilinn *Góðir Íslendingar* jatar Finnbogi því. „Íslendingar eru góðir inn við beinið og ekki bara þeir heldur er fólk almennt gott. Íslendingar eru auðvitað bestir,“ segir hann.

Finnbogi segist líka sakna ávarpsins, „góðir Íslendingar“, sem hann ólst upp við og segist tengja það við bónda með gjallarhorn sem hefur ræðu sína á þessum orðum. „Nú

heyrir þú ávarpið varla lengur, það er á undanhaldi að ávarpa samlanda sína og samtíðarmenn sem góða. Það er alltaf sagt „kæru landsmenn“. Góðir Íslendingar er svona aðeins út úr borginni og pínulítil lykt af lyngi. Það og nálægðin við þjóðhátíðardaginn sem gerir það svo alveg innan skekkjumarka og innan radiuss að hafa ávarpið góðir Íslendingar,“ segir Finnbogi að lokum.

Veður, tími og haf

● 11. ljóðabók Guðbrands Siglaugssonar

Komin er út ljóðabókin *Höfuð dregans á vatninu* eftir skáldið Guðbrand Siglaugsson og er þetta 11. ljóðabók hans.

Guðbrandur segist ekki hafa samið ljóðin með bókina í huga heldur séu þau frá mismunandi tímabilum. Elstu ljóðin eru frá því um 1988 en flest eru samin á síðastliðnum áratug. Hann segir bókina þó ekki vera yfirlitssverk og hafa aðeins tvö til þrjú ljóð birst í fyrri bókum hans. Það er því greinilegt að Guðbrandur er iðinn við að yrkja. „Já, já, alltaf þegar tíminn og andinn gefa ástæðu til,“ segir hann.

Hann segist taka mest á veðri, tímanum og hafinu í ljóðum sínum og skiptir hann bókinni upp í þrjú kafla. „Í fyrsta kaflanum tekst ég á við árið í gegn, byrja þarna á vetri og enda á síðhausti, svo ég fer veðurfarslega í gegnum tímann. Miðhelmingurinn fjallar um tímann sem slíkan og í lokin er það haf-ið, það tengist líka óhjákvæmilega tímanum.“ Spurður að því hvort tíminn sé þá þema bókarinnar jatar Guðbrandur því. „Já, eiginlega. Svona þegar ég hugsa til þess sjálfur.“

Bókin er hátt í hundrað síður og má því segja að hún sé nokkuð löng af ljóðabók að vera. Af hverju eru ekki allar ljóðabókar svona langar?

„Sennilega er pappírinn svona dýr,“ segir Guðbrandur og hlær.
diana@mbl.is



Morgunblaðið/Ernir

Tími Guðbrandur Siglaugsson yrkir þegar tíminn og andinn gefa ástæðu til.